Miðvikudaginn 28. september 1994.

Nr. 398/1994. **Skelco hf. og**
Skeljungur hf.
(Hallgrímur B. Geirsson hrl.)
gegn
Hafboða hf.
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu þessu máli til Hæstaréttar með kæru 7. september 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 15. sama mánaðar. Þeir byggja kæruheimild á 85. gr., sbr. 79. gr., laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 25. ágúst 1994, þar sem er kveðið á um, að varnaraðili, sem var gerðarþoli við nauðungarsölu á m/b Skúmi, GK-22, skuli halda umráðum skipsins, á meðan leyst er úr máli um gildi nauðungarsölunnar. Sóknaraðilar krefjast, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að staðfestur verði umráðaréttur sóknaraðilans Skelco hf. samkvæmt 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991 yfir m/b Skúmi, GK-22. Þá krefjast sóknaraðilar kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilum gert að greiða sér kærumálskostnað.

Sýslumaðurinn í Keflavík hélt uppboð til nauðungarsölu á m/b Skúmi 13. júlí 1994, og varð sóknaraðilinn Skeljungur hf. þar hæstbjóðandi. Hann framseldi sóknaraðilanum Skelco hf. réttindi samkvæmt boði sínu 26. sama mánaðar, en boðið var samþykkt í skipið 2. ágúst sl. Sýslumaður gaf síðan út yfirlýsingu 17. ágúst 1994 um, að Skelco hf. væru afhent umráð yfir skipinu, en varnaraðili réð þá enn yfir því. Hinn 29. júlí 1994 leitaði varnaraðili úrlausnar Héraðsdóms Reykjaness samkvæmt XIV. kafla laga nr. 90/1991 um gildi nauðung-

arsölunnar á m/b Skúmi og krafðist þar meðal annars, að úrskurður gengi undir rekstri málsins um, að hann héldi umráðum yfir skipinu, þar til málinu yrði lokið, sbr. 3. mgr. 55. gr. sömu laga. Þeirri kröfu var mótmælt af sóknaraðilum þessa máls. Gekk hinn kærði úrskurður um þessa kröfu, en varnaraðili hefur þannig haldið umráðum yfir skipinu óslitið, frá því að uppboð fór fram.

Samkvæmt 1. mgr. 85. gr. laga nr. 90/1991 ræðst heimild til að skjóta til Hæstaréttar úrskurði, sem gengur í dómsmáli samkvæmt XIV. kafla laganna um gildi nauðungarsölu, af 1. mgr. 79. gr. þeirra, þar sem er mælt fyrir um, að úrskurðir héraðsdómara sæti kæru til Hæstaréttar. Sú regla er þó meðal annars háð þeirri takmörkun, að óheimilt er að kæra úrskurð, sem gengur undir rekstri máls, nema úrskurður um sams konar atriði geti sætt kæru í einkamáli, sem er farið með samkvæmt almennum reglum. Fer þannig eftir ákvæðum 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, hvort úrskurður, sem gengur undir rekstri máls samkvæmt XIV. kafla laga nr. 90/1991, geti sætt kæru til Hæstaréttar. Úrskurðarefnið í þessu máli verður ekki heimfært undir ákvæði 143. gr. laga nr. 91/1991. Skortir því heimild til kæru málsins, og ber að vísa því sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir að láta kærumálskostnað falla niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. ágúst 1994.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um gildi nauðungarsölu sýslumannsins í Keflavík á m/b Skúmi, GK-22, sem fram fór 13. júlí sl.

Samkvæmt fram lögðum gögnum liggur fyrir, að vafi leikur á um gildi umræddrar nauðungarsölu, án þess þó að á þessu stigi málsins verði nokkur efnisleg afstaða tekin til ágreinings málsaðila. Þá ber til þess að líta, að gagnaöflun er vel á veg komin og ekkert stendur í vegi þess, að málið verði flutt við fyrstu hentugleika. Má því vænta úrskurðar dómsins innan skamms. Samkvæmt framansögðu verður fallist á kröfu sóknaraðila um, að hann haldi umráðum skipsins, þar til lyktir málsins eru fengnar, sbr. 3. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Úrskurðarorð:

Sóknaraðili, Hafboði hf., skal halda umráðum Skúms, GK-22, þar til máli þessu hefur verið ráðið til lykta.
